

Ed.

301. Nefndarálit

[135. mál]

um frv. til l. um orkujöfnunargjald.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur haft frv. þetta til athugunar. Hér er enn um að ræða aukna skattheimtu til ríkisins, í þetta sinn hækkun á söluskatti. Við, sem skipum 2. minni hluta nefndarinnar, erum andvíg þessari skattahækkun og leggjum því til að frumvarpið verði fellt.

Sérstaklega áteljum við að olíustyrkur til húshitunar skuli hafður að yfirvarpi fyrir þessari skattheimtu. Svo sjálfsögð er niðurgreiðsla á olíu til húshitunar, að ekki kom til mála annað en að ætla fjármagn af almennum tekjustofnum ríkissjóðs til að mæta slíkum þörfum, án þess að gripið yrði til sérstakrar skattlagningar af því tilefni.

Í tveim af þrem fjárlagafrumvörpum fyrir árið 1980, sem lögð hafa verið fyrir Alþingi, var gert ráð fyrir þessari málsmeðferð. En í fjárlagafrumvarpi núverandi ríkisstjórnar var ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni í þessu skyni. Þannig var búið til tilefni til þeirrar skattheimtu, sem frumvarp þetta fjallar um og gengur ekki nema að nokkru leyti til niðurgreiðslu olíu.

Sjálfstæðisflokkurinn lagði til við afgreiðslu fjárlaga, að varið yrði 5 milljörðum króna til olíustyrkja án nýrrar skattheimtu. Enn erum við þeirrar skoðunar að svo skuli gert.

Í fjárlögum er nú aðeins gert ráð fyrir 4 milljörðum króna til niðurgreiðslu olíu til húshitunar. Og þessi aðstoð við fólkið á olíuhitunarsvæðunum rýrnar enn, ef þessu fólki er ætlað að greiða fyrir aðstoðina í formi skattlagningar þeirrar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Þess vegna verða þeir, sem kynda hús sín með olíu, verr settir, ef frumvarp þetta verður samþykkt, heldur en þeir eru nú.

Alþingi, 10. apríl 1980.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
frsm.

Lárus Jónsson.

Sigurlaug Bjarnadóttir.